



ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. **P 124/2077**

komudagur 24.4.2002

Félagsmálanefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 23. apríl 2002.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 138/1997 um húsaleigubætur, 637. mál.

Í frumvarpinu felst annars vegar tillaga um að aðstaða þeirra námsmanna sem búa á heimavist eða námsgörðum og þeirra sem ekki hafa kost á slíkri vist verði jöfnuð. Framboð á þeim úrræðum sem skv. gildandi lögum veita rétt til húsaleigubóta er ófullnægjandi og ASÍ er því sammála þeim breytingum sem í frumvarpinu felast.

Jafnframt er í frumvarpinu gerð tillaga um rétt til greiðslu húsaleigubóta til beggja foreldra barns þar sem forsjá er sameiginleg en lögheimili aðeins skráð hjá öðru foreldranna. ASÍ telur mikilvægt að báðum foreldrum sé gert auðveldara en ella að búa barni sem það hefur forsjá yfir góðar heimilisaðstæður. Hvort það verður best gert með skiptingu húsaleigubóta eða öðrum hætti leggur ASÍ ekki mat á.

ASÍ áskilur sér allan rétt til þess að koma síðar á framfæri athugasemdum við einstakar greinar eða frumvarpið í heild, gefist tilefni til þess.

Virðingarfyllst,
f.h. Alþýðusambands Íslands,

Magnús M. Norðdahl hrl.,
ASÍ – Vinnuréttarsvið.